


# Fréttabréf

Vor 2005



## Íslenska kirkjan í Svíþjóð

Meðal efnis:

Safnaðarstarfið í Gautaborg, Stokkhólmi,

Lundi/Malmö, Uppsala, Helsinki, bls. 2-4

Barnakór kirkjunnar, bls. 3

Fjölskyldumót barnastarfsins 22.-24. apríl, bls. 3

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur, bls. 4

Feringarmót 29. apr. - 1. maí, bls. 4

Kórtónleikar 12. mars og 21. maí, bls. 5

Íslensk Gídeon NT til Svíþjóðar, bls. 6

Kirkjudagar 2005 á Skólavörðuholti 24.-25. júní, bls. 6

Heimasíður Íslendingafélaganna, bls. 6

# B

**Avs.** Ísländska kyrkan i Sverige,  
Frölunda kyrkogata 2,  
42147 Västra Frölunda.

**Begränsad eftersändning**

Vid definitiv eftersändning  
återsänds försändelsen med den  
nya adressen påförd.

Umsjón og ábyrgð sr. Ágúst Einarsson, netfang: kirkjan@telia.com

Ágæti viðtakandi

Nýtt fréttabréf ber hér fyrir augu með því helsta sem er á döfinni hjá Íslensku kirkjunni í Svíþjóð (ÍKS). Fréttabréfið viljum við að berist sem víðast um Svíþjóð, til þeirra rúmlega 6 þúsund einstaklinga sem hafa íslenskar rætur. Safnaðarstarfið hefur ákveðna landfræðilega starfskjarna. En einnig eru þættir í safnaðarstarfinu sem geta náð til allra, óháð búsetu, svo sem fermingarfræðslan (bls. 4), fjölskyldumót (bls. 3) og Gídeonverkefnið (bls. 6). “Samfélag í trú og gleði” er yfirskrift safnaðarstarfsins. Helgihaldið myndar burðarársinn í starfi kirkjunnar og þar mætast allir aldurshópar í litríkum félagsskap. Það er von mín að lesendur finni eitthvað við sitt hæfi hér í blaðinu eða efni þess kveiki hugmyndir að kirkjustarfi víðar meðal Íslendinga í Svíþjóð.



Íslenska kirkjan í Svíþjóð hefur bæði trúarlegu og menningarlegu hlutverki að gegna og vill vera í sem bestum lifandi tengslum við Íslendinga og Íslendingafélög í Svíþjóð. Þrátt fyrir víðfemt land er ýmislegt hægt að gera með samstarfi og sameiginlegu átaki. Styrkjum tengslin og verum í sambandi! Bestu kveðjur: Ágúst Einarsson

### *Hafið samband*

*Símatími sóknarprests, Ágústs Einarssonar, á skrifstofu mán., þri., og fim. kl. 10-12 og viðtöl eftir samkomulagi. Skrifstofus. 031-704 58 91 og fars. 070-286 39 69.*

*Kirkjupóstur er sendur út um það bil hálfsmánaðarlega á netföng ábugafólks um safnaðarstarfið, þeir sem vilja fá fréttir og orðsendingar þá leiðina sendi línu á [kirkjan@telia.com](mailto:kirkjan@telia.com).*

*Heimasíða kirkjunnar er á [www.kirkjan.org](http://www.kirkjan.org).*

*Sóknarnefnd, formaður er Kristinn Jóhannesson, netfang hans er [kristinn@svenska.gu.se](mailto:kristinn@svenska.gu.se) og sími 031-773 45 33.*

## Kirkjustarfið á Gautaborgarsvæðinu

Í V-Frölundakirkju er íslenskt kirkjustarf alla sunnudaga kl. 14.00. Guðsþjónustur eru einu sinni í mánuði:

**Sunnudag 30. jan kl. 14.00.** Guðsþjónusta með altarisgöngu. **Aðalsafnaðarfundur** eftir messu.

**Sunnudag 27. febr. kl. 14.00.** Guðsþjónusta.

**Sunnudag 13. mars kl. 14.00.** Guðsþjónusta með altarisgöngu. Þátttakendur frá kóramóti íslenskra kóra erlendis syngja.

**Sunnudag 17. apríl kl. 14.00.** Guðsþjónusta.

**Hvítasunnudag 15. maí kl. 14.00.** Guðsþjónusta með fermingu og altarisgöngu.

Við guðsþjónustur syngur Íslenski kórinn í Gautaborg undir stjórn Kristins Jóhannessonar. Organisti er Tuula Jóhannesson. Barnastund er hluti hvernar messu. Smábarnahorni hefur verið komið fyrir í kirkjunni. Stærri krakkar geta einnig farið inn í safnaðarheimili með Birnu seinni hluta messunnar. Söluþorð íslenskra bóka liggur frammi í safnaðarheimili. Kirkjukaffi er eftir hverja messu. Verið velkomin til guðsþjónustu og samfélags í trú og gleði.

**Staðsetning:** Västra-Frölunda kyrka, Frölunda kyrkogata 2. Kirkjan stendur uppi á hæð, í auglýsingu og ca. 10 mín. göngufæri frá Frölunda torgi (í austurátt). Frölunda torg er skiptistöð margra strætisvagna og sporvagna nr. 1, 7 og 8. Strætisvagnar 88, 95 og 771 fara alveg að kirkjunni.



### Kirkjuskólinn

Kirkjuskóli er alla sunnudaga kl. 14.00 í safnaðarheimili V-Frölundakirkju (fellur stundum inn í guðsþjónustur). Söngur, fræðsla og leikir. Börnin fá kennslubók og mynd dagsins. Kaffi, snúðar og spjall á eftir. Umsjón Ágúst, Birna og Þóra.

### Minningarsjóðurinn Siggi

var stofnaður til minningar um Sigurð Sigurðsson, sóknarnefndarmann og meðhjálpara. Tekið er á móti gjöfum á pósthólfur kirkjunnar: 431 54 92 - 1

## Barnakór kirkjunnar

Æfingar barnakórs kirkjunnar eru í V-Frölundakirkju alla sunnudaga kl. 13.00 undir stjórn Þóru Marteinsdóttur s. 070-234 82 83



## Helgihald í Lundi og Malmö

**Guðsþjónustur eru í Uppåkra kirkju** sem er miðja vegu milli Malmö og Lundar (3 km frá Hjärup). Félagar úr íslenska kórnum í Lundi syngja undir stjórn Hólmsteins A. Brekkan. Örn Arason slær tónana. Guðsþjónustur verða:

**Laugardaginn 19. mars kl. 14.00**

**Laugardaginn 14. maí kl. 13.00 (athugið tímasetninguna)**


**Kirkjuskólinn** er annan hvern laugardag í St. Hans kirkju í Norra Fäladen í Lundi. Kirkjuskólinn er helgistund með söng, fræðslu og brúður bregða á leik. Prestur kemur öðru hvoru en umsjónarkonur kirkjuskólans eru Brynhildur, Bryndís og Jóna.


**Laugardagar (til að klippa út og festa á ísskápinn!)**

22. jan.	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
5. febr.	kl. 11.00	Fjölskylduhelgistund í kirkjunni
19. febr.	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
5. mars	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
19. mars	kl. 11.00	Fjölskylduhelgistund í kirkjunni
2. apr.	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
16. apr.	kl. 11.00	Kirkjuskóli í safnaðarheimili
22.-24. apríl.		Fjölskyldumót alla helgina.

## Fjölskylduhelgi barnastarfsins

**Helgina 22.-24. apríl** er ráðgert helgarmót barnastarfsins. Fjölskyldusamvera úti og inni, kvöldvökur og íþróttamót. Allar fjölskyldur velkomnar, takið helgina frá og látið vita af vilja til þátttöku. Nánar auglýst síðar.





## Helgihald í Stokkhólmi

Guðspjónustur eru í Finnsku kirkjunni í Gamla stan, við hlið Hallarinnar.

**Sunnudaginn 3. apríl kl. 14.00.** Guðspjónusta.

**Laugardaginn 18. júní kl. 14.00** Guðspjónusta og kaffissamsæti Íslendingafélagsins í tilefni Þjóðhátíðar-dagsins. Stúlknakórinn Hekla kemur frá Íslandi og syngur. Íslenski sönghópurinn í Stokkhólmi leiðir messusöng, kórinn æfir á miðvikudagskvöldum kl. 18. Stjórnandi er Brynja Guðmundsdóttir s. 070-790 40 54.

## Barnasamvera í Uppsölum

**Laugardaginn 2. apríl** verður fjölskyldusamvera í samvinnu við Íslendingafélagið í Sunnerstakirkjunni. Nánar auglýst í Uppsölum.

## Guðspjónusta í Helsinki, Finnlandi

Í samvinnu við Íslendingafélagið í Helsinki verður guðspjónusta **sunnudaginn 10. apríl** í Þýsku kirkjunni í Helsinki. Biskupsstofa á Íslandi veitir ferðastyrk. Nánar auglýst á vegum Íslendingafélagsins á staðnum.

## Konur eru konum bestar

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur á öllum aldri er ráðgert miðvikudagskvöldin, 6 og 13 apríl. Leiðbeinandi er Guðrún Karlsdóttir prestur í Lerum s. 0302-52 25 83. Þetta er námskeið sem slegið hefur í gegn í Þjóðkirkjunni á Íslandi. Skráning fyrir 1. apríl hjá Guðrúnu eða sóknarpresti. Þátttaka er ókeypis.

## Fermingarfræðsla

Fermingarundirbúningur stendur yfir og líkur í vor með **fermingarbúðum á Áh Stiftgård helgina 29. apríl til 1. maí**. Fermingarbúðir voru einnig í haust. Í búðunum fer fram sambland af námi, leik og góðri samveru. Eldri unglingar eiga líka kost á að taka þátt í fermingarbúðunum sem “öldungar”. Unglingarnir sækja guðspjónustur og skila verkefnum á netinu milli fermingarbúðanna.



*Deir sem vilja skrá sig í fermingarfræðslu næsta vetur eru bednir um að skrá sig nú á vordögum.*

## Kórar og tónleikar

Íslenski kórinn í Gautaborg er gestgjafi kóramóts íslenskra kóra erlendis í V-Frölundakirkju. Kórar koma víða að: London, Kaupmannahöfn, Osló, Álaborg og Lundi. Þá eiga Stokkhólmur og Luxemborg einnig sína fulltrúa. Kóramótið er **laugardaginn 12. mars** og **tónleikar** verða **kl. 17.00 í kirkjunni**, þar sem allir eru velkomnir.



Íslenski kórinn í Gautaborg heldur síðan **vortónleika** sína í V-Frölundakirkju **laugardaginn 21. maí kl. 17.00**.

## Leshringur um bókmenntir




Leshringur um íslenskar bókmenntir hittist reglulega í Gautaborg. Eftir lestur valinna bóka er innihaldið skoðað og rætt. Leshringurinn ráðgerir einnig opinn fund eða kvöldvöku í V-Frölundakirkju á vormánuðum. Nánar auglýst í “kirkjupósti” (netfang [kirkjan@telia.com](mailto:kirkjan@telia.com) til að panta kirkjupóst).

## Sálgæsla

Mikilvægt hlutverk prestsins er að vera einstaklingum til stuðnings þegar erfiðleikar koma upp. Sálarleg og andleg velferð byggir mjög á því að deila hugðarefnum sínum með öðrum og byrgja ekki inni stríðar tilfinningar. Góð, einlæg samtöl opna oft nýjar víddir. Presturinn er bundinn þagnarskyldu og með reynslu sinni og þekkingu reynir hann að hjálpa til, veita skilning og ráð eftir atvikum.

## AA – deild - 12 spora deild

AA-deildir eru samtök til sjálfshjálpar fyrir þá sem eiga við áfengis-/vímuefnavanda að stríða. Reglulegir fundir samtakanna eru mikilvæg stoð í baráttunni fyrir betra lífi, án vímuefna. Í Kalmar er AA-deild með síma sem fólk getur hringt í til að komast í samband við samtökin. Sá er svarar í símann er ónafngreindur hér, en talar íslensku. Síminn er 0480-49 10 49 kl. 08.00 til 20.00.



## Nýja testamenti frá Gídeonfélaginu.

Gídeonfélagið gefur öllum 10 ára börnum á Íslandi Nýja testamenti. Í samvinnu við íslensku kirkjuna í Svíþjóð vill Gídeonfélagið nú gefa íslenskum börnum í Svíþjóð íslenskt NT. Undirbúningur er hafinn með söfnun upplýsinga um nöfn og heimilisföng barnafjölskyldna í Svíþjóð. ÍKS vill gjarnan hafa samvinnu um þetta verkefni við Íslendingafélög og íslenskukennara í Svíþjóð.

## Kirkjudagar 2005 á Skólavörðuholti

í Reykjavík verða **dagana 24.-25. júní**. Þetta er mikil kirkjuhátíð með fjölbreyttri dagskrá fyrir alla aldurshópa; kvöldvökur, málstofur, helgihald, tónlist, leiklist, trúðar, leikir. Íslenska kirkjan í Svíþjóð verður þar með kynningarbás.



## Heimasíður sendiráðs og Íslendingafélaga

Á eftirfarandi heimasíðum er gagnlegar upplýsingar að finna:

**Íslenska sendiráðið í Stokkhólmi**- [www.island.se](http://www.island.se)

**Íslendingafélagið í Gautaborg** - [www.islendingafelag.com](http://www.islendingafelag.com)

Útvarp alla sunnudaga kl. 10-12 á FM 103,1

Þorralótið í Gautaborg er 5. mars 2005 - bókun hjá Birnu s. 031 45 37 11

**Íslendingafélagið í Stokkhólmi** - [www.landi.nu](http://www.landi.nu)

**Íslendingafélagið í Málmey** - Ímon - [www.imon.se](http://www.imon.se)

Útvarp Ímon alla laugardaga kl. 12-13 á FM 89,2

**Íslendingafélagið í Lundi** - [www.islund.pp.nu](http://www.islund.pp.nu)

**Íslendingafélagið í Uppsölum** - <http://web.comhem.se/~u18330140/>

**Sænsk- íslenska félagið Hrollur í Umeå** - [www.islendingafelag.com/Umea/umea.htm](http://www.islendingafelag.com/Umea/umea.htm)

**Íslendingafélagið í Skaraborgsléni** - Erla Grétarsdóttir formaður er með netfangið: [sigurður.hauksson@telia.com](mailto:sigurður.hauksson@telia.com)